

**Nd.** **176. Frumvarp til laga** [144. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Verði tekjur lánasjóðsins auknar í áföngum að því marki, að frá og með námsárinu 1974—75 verði unnt að fullnægja allri fjárhörf námsmanna umfram eigin tekjur þeirra.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

17. nóv. s. l. spurðist Magnús Kjartansson fyrir um það í fyrirspurnatíma sam-  
einaðs þings, hvenær ríkisstjórnin ráðgerði, að opinber aðstoð við námsmenn nái  
því marki, að hún standi straum af árlegum umframkostnaði þeirra. Gylfi Þ. Gísla-  
son menntamálaráðherra komst svo að orði í svari sínu:

„Samkvæmt áætlun lánasjóðsins um dreifing lána má áætla, að lán sjóðsins  
hafi numið 53—54% af umframfjárhörf að meðaltali samkvæmt reglum þeim, sem  
giltu við síðustu úthlutun. En gera má ráð fyrir, að þetta hlutfall hækki við næstu  
úthlutun í 65—66%. Hefur þannig með samþykkt tillögu lánasjóðsins verið stigið  
stórt skref í átt að því markmiði laganna um námslán og námsstyrki, sem um getur  
í fyrirspurninni. Með sama áframhaldi mundi ekki taka nema um þrjú ár til við-  
bótar að ná þessu markmiði að fullu. En svo sem jafnan hefur verið lögð áherzla  
á af hálfu ríkisstjórnarinnar, er það að sjálfsögðu undir Alþingi komið með ákvörð-  
un fjárveitinga, hversu hratt þeirri sókn miðar, en ég tel, að að þessu marki eigi  
að stefna, þ. e. a. s. halda þeim vaxtarhraða á fjárveitingum til sjóðsins, sem mark-  
aður hefur verið í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1971.“

Ástæða er til að fagna þeirri yfirlýsingu menntamálaráðherra, sem væntanlega  
er gefin fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að stefna beri að því marki, að lánasjóður-  
inn geti fullnægt þörfum námsmanna skólaárið 1974—1975. Með frumvarpi þessu  
er lagt til, að Alþingi lýsi í verki samþykki við þessa stefnu.